

Alþingi
Erindi nr. P 139/2914
komudagur 21.6.2011

Allsherjarnefnd Alþingis
Birgir Ármannsson alþingismaður

674. mál

Beiðni um upplýsingar um þróun starfsmannafjölda ráðuneyta undanfarin tvö ár og fjárveitinga til aðalskrifstofa skv. fjárlögum.

Forsætisráðuneytið hefur í tengslum við umfjöllun allsherjarnefndar á frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands og að beiðni Birgis Ármannssonar nefndarmanns í nefndinni safnað saman upplýsingum um þróun starfsmannafjölda undanfarin tvö ár þróun fjárframlaga samkvæmt fjárlögum annars vegar árið 2009 og hins vegar skv. fjárlögum árið 2011. Hvað varðar starfsmannafjölda var miðað við tímabilið janúar 2009 og maí 2011. Neðangreind tafla um fjárveitingar skv. fjárlögum sýnir hlutfallslega breytingu á fjárveitingum til einstakra ráðuneyta en hafa verður í huga að á tímabilinu hefur orðið umtalsverður flutningur verkefna á milli ráðuneyta, m.a. samhliða stofnun nýrra ráðuneyta, sem aftur hefur áhrif á fjárveitingar til þeirra sem og starfsmannafjölda.

Forsætisráðuneytið áréttar að það hefur einungis tekið að sér safna saman umræddum upplýsingum saman frá ráðuneytum en ekki yfirfarið þær efnislega. Upplýsingar sem fram koma í töflunum um einstök ráðuneyti eru þannig á ábyrgð þeirra.

Fjöldi starfsmanna á aðalskrifstofum ráðuneyta, annars vegar 1. janúar 2009 og hins vegar 1. maí 2011.

Ráðuneyti	Fjöldi stm 01.01.2009	Fjöldi stm 01.05.2011	Hlutfallsleg breyting	
Forsætisráðuneyti	27	27	0	0,0%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	80	74	-6	-7,5%
Utanríkisráðuneyti	88	87	-1	-1,1%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	31	32	1	3,2%
- Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	8	8	0	0,0%
Innanríkisráðuneyti	66	62	-4	-6,1%
Velferðarráðuneyti	86	96	10	11,6%
Fjármálaráðuneyti	69	66	-3	-4,3%
Iðnaðarráðuneyti	22	21	-1	-4,5%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	25	24	-1	-4,0%
Umhverfisráðuneyti	33	34	1	3,0%

Fjárveiting til aðalskrifstofa ráðuneyta skv. fjárlögum, annars vegar árið 2009 og hins vegar árið 2011.

Ráðuneyti	Fjárveiting árið 2009 kr.	Fjárveiting árið 2011 kr.	Hlutfallsleg breyting	
Forsætisráðuneyti	314.800.000	291.500.000	- 23.300.000	-7,4%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	655.100.000	577.500.000	- 77.600.000	-11,8%
Utanríkisráðuneyti	1.030.400.000	1.010.300.000	- 20.100.000	-2,0%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	479.700.000	424.800.000	- 54.900.000	-11,4%
- Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	174.000.000	131.000.000	- 43.000.000	-24,7%
Innanríkisráðuneyti	763.300.000	689.800.000	- 73.500.000	-9,6%
Velferðarráðuneyti	912.900.000	851.100.000	- 61.800.000	-6,8%
Fjármálaráðuneyti	679.900.000	582.700.000	- 97.200.000	-14,3%
Iðnaðarráðuneyti	254.522.000	200.700.000	- 53.822.000	-21,1%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	299.300.000	276.100.000	- 23.200.000	-7,8%
Umhverfissráðuneyti	315.200.000	296.000.000	- 19.200.000	-6,1%

Skýringar:

FOR Fjárh. 2009 miðast við lokafjárlög. Inn í fjárveitingu ársins 2011 er 10 m.kr. hækkun v. tilflutnings verkefna til aðalskrifstofu

UTN Auk 9 starfsnema árið 2011. Þýðingamiðstöðin er rekin á sérstöku fjárlaganúmeri og því eru starfsmann hennar ekki taldir með starfsmönnum aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

IRR Upplýsingar vegna 2009 er samantekt á samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Starfsmannafjöldi innanríkisráðuneytisins þann 1. maí 2011 var 62 talsins fyrir utan þá sem eru á biðlaunum.

VEL Upplýsingar vegna 2009 er samantekt á félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Inn í fjárveitingartölu vegna 2009 eru 32,2 m.kr. sem fluttar voru af safnliðum yfir á aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins vegna starfsmanna á aðalskrifstofu sem var greitt af safnliðum.

EVR Upplýsingar miðast við stofndag ráðuneytisins 01.10.2009 og fjárveiting miðast við lokafjárlög 2009.